



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. maí 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Ársreikningur 2012

#### a. Endurskoðunarbréf

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar, endurskoðanda sveitarfélagsins. Auk samantektar á helstu niðurstöðum ársreiknings er í bréfinu fjallaðu um lykiláhættuþætti, reikningsskilaaðferðir, mat stjórnenda og megin niðurstöður skoðunar á innra eftirliti. Í bréfinu koma ekki fram neinar athugasemdir sem sveitarstjórn þarf að bregðast við.

Endurskoðunarbréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við það.

#### b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2012(önnur umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 17. apríl 2013. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 497,4 m.kr. en voru 475,5 árið 2011 og hafa hækkað um 4,6% milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um 134,7 m.kr. í samanburði við 17,6 m.kr. jákvæða afkomu árið 2011. Í árslok 2011 gerði sveitarstjórn samning við RARIK um lagningu hitaveitu til Skagastrandar. Í þeim samningi er gert ráð fyrir að sveitarfélagið greiði 180 m.kr. óafturkræft framlag til hitaveituframkvæmdanna. Til greiðslu á árinu 2012 voru 150 m.kr. sem tilgreindar voru í sjóðstreymi fjárhagsáætlunar ársins og 30 m.kr. sem verða til greiðslu árið 2014. Greiðslan og skuldbindingin vegna samningsins eru gjaldfærðar í ársreikningi 2012. Rekstrarniðurstaða án þessa framlags til hitaveitu hefði verið jákvæð um 45,3 m.kr. en var 17,6 m.kr. árið 2011.

Eigið fé samstæðu í árslok 2012 nam 1.133 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi,

Eiginfjárlutfall samstæðu var 71,4% í lok árs 2012 en var 74,9% árið 2011.

Veltufjárlutfall samstæðunnar nam 9,08 en var 17,42 árslok 2011.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé til rekstrar samstæðunnar 103,3 m.kr. og handbært fé til rekstrar 65,9 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 490 m.kr. í árslok en var 568 m. kr. í árslok 2011.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.



## 2. Hitaveitumál

### a) Staða hitaveitu.

Fram kom að RARIK mun semja við G.V. Gröfur ehf sem var lægstbjóðanda í verkið „Skagaströnd – Dreifikerfi hitaveitu og ljósleiðararör. Lagna- og jarðvinna“ Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist fyrir mánaðarmótin maí – júní. Einnig kom fram að útboð á stofnlögn milli Blönduóss og Skagastrandar hefur tafist vegna breytingar á aðalskipulagi Skagabyggðar en væntingar eru um að útboðið verði auglýst á næstu dögum.

### b) Samningur um ljósleiðara

Fyrir fundinum lá samningur við Mílu ehf. um lagningu ljósleiðara samhliða hitaveitulögn. Samningurinn var undirritaður 10. maí sl.

Samningurinn byggir á ákvæði í samningi við RARIK um að leggja hitaveitulagnir í öll hús í þéttbýli á Skagaströnd og innifalið í þeim samningi er að RARIK muni láta leggja ljósleiðarakerfi í lagnaskurði hitaveitulagna fyrir sveitarfélagið. Með samninginum framselur sveitarfélagið þann rétt til Mílu sem mun leggja til hönnun og efni í ljósleiðarakerfi í skurðina. Míla mun síðan eiga og reka kerfið sem opið aðgangsnet. Í samningnum kemur fram að aðgangur að ljósleiðaraheimtaugum Mílu verður opin allum þjónustuveitendum sem uppfylla almenn skilyrði gildandi laga um fjarskiptaleyfi á sömu kjörum og almennt gilda.

### c) Gildistími samþykktar um stuðning

Fyrir var tekið hvenær ákvæði stuðnings við húseigendur vegna hitaveitu sem samþykkt var 26. febrúar sl. taki gildi. Ástæða þess að þetta atriði var sérstaklega tekið fyrir var fyrirspurn frá húseigendum sem létu setja upp vatnshitakerfi vegna væntinga um að hitaveitu yrði komið á áður en samningi um veituna lauk og áður en samþykkt um stuðninginn var staðfest af sveitarstjórn.

Eftirfarandi bókun var gerð: Sveitarstjórn samþykkir að samþykkt um stuðning við húseigendur vegna hitaveitu geti gilt um þá sem gerðu breytingar á hitakerfum húseigna sinna eftir 1. maí 2008 og falla að öðru leyti undir ákvæði samþykktanna. Dagsetningin miðast við fyrsta samkomulag við RARIK um að vinna að því að hitaveita verði lögð til Skagastrandar.

## 3. Félags og skólaþjónusta A-Hún.

### a) Fundargerð 6. maí 2013

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún frá 6. maí sl. Fundargerðin var til kynningar.



b) Ársreikningur 2012

Í ársreikningi félagsþjónustunnar sem var til kynningar. Ekki voru gerðar athugasemdir við ársreikninginn.

#### 4. Samantekt um íbúáþing 30. apríl 2013

Fyrir fundinum lá samantekt um íbúáþing sem haldið var í félagsheimilinu Fellsborg 30. apríl s.l. Samantektin var unnin af Stefáni Haraldssyni ráðgjafa hjá SSNV atvinnuþróun. Í inngangi samantektarinnar kemur fram að markmið íbúáþingsins hafi verið tvíþætt:

- Að fá fram viðhorf íbúa sveitarfélagsins sem nýtast munu sveitarstjórn við stefnumótun á komandi árum.
- Að auka þátttöku og aðgengi almennings að ákvarðanatöku varðandi málefni sveitarfélagsins og samfélagsins í heild.

Sveitarstjórn ræddi almennt um samantektina en ákvað síðan að óska eftir að ráðgjafar SSNV mæti á næsta fund sveitarstjórnar og fari yfir efni og niðurstöður samantektar um íbúáþingið.

#### 5. Staða innheimtumála

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit frá Mótus um þróun og stöðu innheimtumála hjá sveitarfélaginu. Í yfirlitinu er tekin saman þróun vanskila milli ára og gerður samanburður við Norðurland vestra og sveitarfélög almennt.

Einnig var lagður fram listi yfir vanskil fyrir leigu og hafnargjöld miðað við 31.03.2013 og afskriftir vegna vanskila 2010, 2011 og 2012. Yfirlitin sem voru kynnt sem trúnaðarmál voru lögð fram til kynningar.

#### 6. Skólamál

Sveitarstjórn tók til umræðu skólamál almennt bæði hvað varðar grunnskóla og leikskóla. Mikil umræða varð um málið bæði rekstrarlega og faglega þætti þessara skólafnana. Ekki var gerð ályktun um málið.

#### 7. Gámamál

Sveitarstjórn tók til umræðu hvernig skuli háttá heimildum til að setja niður gáma utan gámastæða í sveitarfélaginu.

Ástæða umræðunnar er að nokkuð hefur borið á að gámar væru settir niður til lengri tíma án þess að fyrir því væru heimildir eða stöðuleyfi veitt.

Sveitarstjórn fór yfir hvernig staðsetningum væri háttáð og samþykkti að fela sveitarstjóra að leggja reglur um gámamál fyrir sveitarstjórn.



## 8. Bréf:

a. Ólafs Björnssonar hrl. vegna þjóðlendumála, dags. 30. apríl 2013  
Bréfið er ritað til að kynna greinargerð ríkisins, v/Almenninga á Skaga sem var meðfylgjandi bréfinu. Í því kemur einnig fram að frestur til að skila greinargerð f.h. landeigenda er til 29. maí. Í bréfinu er einnig fjallað um Almenning á Skaga og bent á að hann hafi verið skilgreindur sem slíkur frá fornu fari og því sé líklegt að það land verði úrskurðað sem þjóðlenda. Ólafur varpar fram spurningu um hvernig eigi að skilgreina afnotarétt af svæðinu og hvort um hann eigi að gilda sérákvæði. Sveitarstjórn ræddi efni bréfsins og fól sveitarstjóra að fylgja málinu eftir í ljósi umræðunnar.

b. Umsókn um leigu á Bjarmanesi, dags. 7. maí 2013  
Með bréfinu óska Sigrún Raket Tryggvadóttir og María Ösp Ómarsdóttir eftir að fá Kaffi Bjarmanes til leigu og reksturs frá 1. september 2013 - 1. september 2015. Í umsókninni koma fram hugmyndir þeirra um rekstur og viðburði sem þær hafa hug á að setja í húsið.  
Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa starfsemina í byrjun júlí og taka í framhaldi af því afstöðu til þess hverjum húsið verði leigt.

c. Växjö kommun, dags. 24. apríl 2013  
Með bréfinu er fulltrúum sveitarfélagsins boðið að þiggja heimboð og vera viðstadda einn leik í Evrópukeppni kvennalandsliða í fótbolta sem m.a. verður haldið í Växjö í júlí.  
Samþykkt að sveitarstjóri nýti heimboðið.

d. Fundarboð aðalfundar Farskólans, dags. 6. maí 2013  
Með bréfinu er boðað til aðalfundar Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra, föstudaginn 17. maí kl. 14.00.  
Bréfið var til kynningar.

## 9. Fundargerðir:

a. Stjórnar SSNV, 19.04.2013  
Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 8.04.2013  
Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 19.04.2013  
Fundargerðin var til kynningar.



d. Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, 8.05.2013  
Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 8.05.2013  
Fundargerðin var til kynningar

#### 10. Önnur mál

- a. Tekin var umræða um umhverfismál og sveitarstjóra falið að fylgja betur eftir gagnvart húseigendum þeim málum sem athugasemdir hafa verið gerðar við og enn eru ekki leyst.
- b. Einnig var rætt um gæludýrahald og sveitarstjóra falið að áminna þá hunda- og kattaeigendur sem ekki hafa skráð gæludýr sín.
- c. Rætt var um umferð vélknúinna farartækja um reiðveg um Hólaflóa. Samþykkt að sveitarstjóri setji áminningu um málið á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12<sup>10</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson